

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F104/2021

Reykjavík, 1. september 2021

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Vísað er til gildistöku laga nr. 105/2021, um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, þar sem m.a. er kveðið á um að opinberum aðilum sé skyld að birta gögn í stafrænu pósthólf, sbr. 1. mgr. 6. gr. Lögin tóku gildi 13. júlí sl. en í gildistökuákvæði laganna segir þó að heimilt sé að innleiða skylduna í áföngum og skuli fjármála- og efnahagsráðherra eigi síðar en fyrir lok árs 2021 gefa út áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga, sbr. nánar 2. mgr. 10. gr. laganna. Þá er í 9. gr. laganna kveðið á um skyldu ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þ.á m. um rekstur og umsjón með pósthólf, skilyrði og takmarkanir fyrir afhendingu gagna með öðrum hætti en rafrænum og nánari skilyrði um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga.

Til hliðsjónar er einnig vísað til 1. málsliðar 1. mgr. 35. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. gr. laga nr. 51/2003, og þeirrar stefnumörkunar síðastgreindra laga á þá leið að borgararnir verði ekki skyldaðir af stjórnvöldum til rafrænnar meðferðar máls. Þá tel ég einnig rétt að hafa í huga skyldu stjórnvalds samkvæmt 35. gr. stjórnsýslulaga, eins og þeim var breytt með lögum nr. 51/2003, til að kynna aðila þær kröfur sem vél- og hugbúnaður hans þarf að fullnægja svo meðferð máls geti farið fram með rafrænum hætti og minna á fyrirmæli greinarinnar um að haga skuli þessum kröfum með það fyrir augum að búnaður sem flestra nýtist. Að lokum er minnt á þá kröfu 36. gr. stjórnsýslulaga að svo að gögn á rafrænu formi séu talin fullnægja áskilnaði um að vera skrifleg verði þau að vera tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveisitt þau og framvísað þeim síðar. Samkvæmt k-lið 1. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 119/2018, um skiptingu

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, fer forsætisráðuneytið með mál sem varða stjórnarfari almennt, þ.m.t. framkvæmd stjórnsýslulaga.

Mér er kunnugt um að tiltekin stjórnvöld hafi þegar hafið birtingu gagna með rafrænum hætti, þ.á m. með birtingu gagna á miðlægri gátt stafræns Íslands. Í kvörtunum til umboðsmanns hefur m.a. komið fram að misbrestur hafi verið á því að viðkomandi væri gert ljóst að þessi háttur á samskiptum af hálfu stjórnvaldsins yrði viðhafður. Hafi þetta jafnvel orðið til þess að tilvist gagna hafi farið fram hjá aðila í einhvern tíma.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til þess að fjármála- og efnahagsráðherra ber nú ábyrgð á starfrækslu miðlægs pósthólfss, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/2021, er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið upplýsi um eftirfarandi:

1. Lítur ráðuneytið svo á að þeir opinberu aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2021 geti nú þegar (og þá án tillits til heimildar til að innleiða skyldu þessara aðila í áföngum, sbr. 10. gr. laganna, og með hliðsjón af því að reglugerð samkvæmt 9. gr. laganna hefur væntanlega enn ekki verið sett) birt gögn í stafrænu miðlægu pósthólfi, svo sem á stafrænu Íslandi, þannig að réttaráhrif hafi gagnvart aðila samkvæmt 7. gr. laganna?
2. Hefur þeim opinberu aðilum sem þegar hafa hafið rafræna birtingu verið leiðbeint um nauðsyn þess að kynna aðilum máls fyrirfram að birtning gagna muni fara fram í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt, svo sem á stafrænu Íslandi, réttaráhrif í því sambandi og að óska þurfi sérstaklega eftir birtingu með öðrum hætti?
3. Í ljósi þess að rafræn birtning gagna er nú almenn regla eftir gildistöku laga nr. 105/2021, og stjórnvaldi er samkvæmt 5. gr. laganna heimilt „að innheimta gjald vegna slíkrar þjónustu til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af umbreytingu og afhendingu gagnanna“, er óskað upplýsinga um hvort ráðuneytið hafi eða hyggist leiðbeina þeim opinberu aðilum sem falla undir lögin um nánari viðmið slíkrar gjaldtöku eða setja um þetta nánari reglur með heimild í 3. tölulið 9. gr. laganna. Auk fyrrgreindrar stefnumörkunar laga nr. 51/2003 er í þessu sambandi einnig minnt á almennar reglur og sjónarmið um álagningu þjónustugjalfa.
4. Óskað er upplýsinga um hvort ráðuneytið hafi þegar eða hyggist sérstaklega, við framkvæmd laga nr. 105/2021, huga að stöðu þeirra sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti gagnvart rafrænum miðlum, svo sem aldraðra, fatlaðs fólks og eftir atvikum útlendinga.

UMBOÐSMÆÐUR ALÞINGIS

Þess er óskað að umbeðin svör berist ekki síðar en 24. september nk. Telji forsætisráðuneytið tilefni til að koma á framfæri upplýsingum um atriði sem vikið er að í bréfinu er þess óskað að þær berist jafnframt fyrir það tímamark.

Ég tel æskilegt, eftir atvikum að fengnu svari við erindinu, að halda fund um fyrirhugaða framkvæmd laga nr. 105/2021 sem og önnur álitamál tengd rafrænni stjórnsýslu með fulltrúum beggja ráðuneyta.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Skúli Magnússon". Below the signature, the name "Skúli Magnússon" is printed in a smaller, sans-serif font.

